

Alþingi
Erindi nr. P 138/486
komudagur 7. 12. 2009

Umsögn vegna frumvarp til laga um Íslandsstofu (heildarlög), 158. mál.

Sendandi: Ágúst Freyr Ingason, aðstoðarforstjóri, Latibær

4. desember, 2009.

Almennt álit

Hér á eftir fer almennt álit undirritaðs á stofnun Íslandsstofu. Margar spurningar vakna og sérstaklega í ljósi takmarkaðra upplýsinga um markmið og framtíðarsýn hennar sem hluti af stærri heildarsýn þjóðar, þá mun álit undirritaðs taka mið af því. Spurningar eins og hvað á hún að gera? Hver eru markmið hennar og hver tekur á endanum ákvarðanir? Af hverju eru ferðamál sérstaklega nefnd? Þessar spurningar og fleiri vakna við lestur frumvarpsins.

Það er mikilvægara að hugsa um Ísland sem samnefnari allra atvinnugreina landsins. Þar er mikilvægt að setja ekki öll eggin í eina körfu, heldur verður að dreifa áhættunni með sem flestum atvinnugreinum, þó að sjálfsögðu eru sumar mikilvægari en aðrar út frá ímynd og tekjuöflun. Þess vegna er mikilvægt að samræma aðgerðir og horfa á heildarmyndina – setja heildarstefnu og framtíðarsýn þjóðar sem síðan er hægt að fylgja eftir með ímyndarmálum.

Síðan má velta fyrir sér hvort að slík stofnun eigi heima undir Utanríkisráðuneytið eða undir hatt stjórnarráðsins als, þ.e.a.s. undir forystu Forsætisráðuneytisins þar sem framkvæmd stefna er hluti af stærri heildarmynd og samræma þarf aðgerðir við aðrar stofnanir innanlands sem og ráðuneyti. Ímyndin þarf að endurspeglast í raunveruleikanum en ekki vera innantómt hjal.

Mikilvægt er að tengja ekki einvörðungu atvinnulífið og stjórnarráð landsins saman heldur þarf líka að huga að menntakerfinu þar sem þessir þrír þættir þurfa að vinna nánar saman að framtíðarsýn landsins og raunverulega framkvæma hana. Stjórn landsins með því að setja lagaramman en atvinnulífið og menntakerfið í sameiningu með því að framfylgja hana með stuðning yfirvalda. Í raun þarf að taka saman höndum til að gera rekstrarumhverfi, t.d. ef einn þátturinn er að gera Ísland að landi þar sem mikil nýsköpun á sér stað (sbr. Silicon Valley í USA), þá er lykilatriði að búa svo um hnútana að það umhverfi sem nýsköpun þarf, fái að þrífast (e.k. hagkerfi innan hagkerfisins, e. „eco-system“).

Heildarreglugerðarramma landsins verður því að vera skýr þannig að ekkert óvænt komi upp og í ósamræmi við stefnu og framkvæmd Íslandsstofu á henni þegar það liggur fyrir hvað það er sem Íslandsstofa á í raun að framkvæma og gera.


Til þess að geta framfylgt ímyndarmálum þarf raunveruleikinn því að vera trúr þeirri ímynd sem á að setja fram skv. þeirri framtíðarsýn sem verður lagt upp með.

Einnig er lykilatriði í upphaflegri stefnumótun að fá innlenda sem erlenda sérfræðinga og athafna- og menntamenn á þeim sviðum sem á að sækja inná til að gefa sitt álit og vera með í þeirri stefnumótun, t.d. fá erlenda fjárfesta til að segja okkur hvað það er sem menn sækjast eftir í fjárfestingum, fá erlenda ímyndarsérfræðinga til liðs og svo framvegis. Til þess að svo geti orðið er lykilatriði að slík stofnun og/eða svokölluð aðgerðaráætlun verði vel fjármögnuð því annars mun hún alltaf falla á því að eiga ekki fyrir einu né neinu sem á að gera.

Á sama tíma er mikilvægt að skilgreina með skýrum hætti hvað Íslandsstofan á að gera (t.d. af hverju eru ferðamál nefnd umfram aðrar atvinnugreinar), hver hennar markmið eru, innan hvers ramma vinnur hún og hver tekur ákvarðanir á endanum. Markmiðin þurfa því að vera áþreifanleg og það sem verður á endanum mælt eftir verður að vera skýrt, gagnsætt og með samþykki þjóðarinnar— annars er hættu á að hlutverk Íslandsstofunnar mistakist og erfitt reynist að réttlæta frekari fjármögnun hennar til framtíðar.

Ekki verður farið út í að hafa skoðanir á hverja grein fyrir sig þar sem ekki nægar upplýsingar liggja fyrir um stefnu og markmið Íslandsstofu til þess að svo verði gert, sbr. Ummæli hér að ofan. Stóra hættan felst í því að Íslandsstofa verði einvörðungu nýtt nafn fyrir Útflutningsráð og þar við sitji (með allri virðingu fyrir þeirri stofnun). Undirritaður er boðin og búin til fundar hvenær sem er til að fara nákvæmar yfir þetta álit og færa fram hugmyndir ef með þarf.

Með virðingu og þökk fyrir að fá að koma áiti mínu á framfæri að þessi orð verða að einhverju gagni,



Ágúst Freyr Ingason

Umsögn vegna frumvarp til laga um Íslandsstofu (heildarlög), 158. mál.

Sendandi: Ágúst Freyr Ingason, aðstoðarforstjóri, Latibær

4. desember, 2009.

Almennt álit

Hér á eftir fer almennt álit undirritaðs á stofnun Íslandsstofu. Margar spurningar vakna og sérstaklega í ljósi takmarkaðra upplýsinga um markmið og framtíðarsýn hennar sem hluti af stærri heildarsýn þjóðar, þá mun álit undirritaðs taka mið af því. Spurningar eins og hvað á hún að gera? Hver eru markmið hennar og hver tekur á endanum ákvarðanir? Af hverju eru ferðamál sérstaklega nefnd? Þessar spurningar og fleiri vakna við lestur frumvarpsins.

Það er mikilvægara að hugsa um Ísland sem samnefnari allra atvinnugreina landsins. Þar er mikilvægt að setja ekki öll eggin í eina körfu, heldur verður að dreifa áhættunni með sem flestum atvinnugreinum, þó að sjálfsögðu eru sumar mikilvægari en aðrar útfrá ímynd og tekjuöflun. Þess vegna er mikilvægt að samræma aðgerðir og horfa á heildarmyndina – setja heildarstefnu og framtíðarsýn þjóðar sem síðan er hægt að fylgja eftir með ímyndarmálum.

Síðan má velta fyrir sér hvort að slík stofnun eigi heima undir Utanríkisráðuneytið eða undir hatt stjórnarráðsins als, þ.e.a.s. undir forystu Forsætisráðuneytisins þar sem framkvæmd stefna er hluti af stærri heildarmynd og samræma þarf aðgerðir við aðrar stofnanir innanlands sem og ráðuneyti. Ímyndin þarf að endurspeglast í raunveruleikanum en ekki vera innantómt hjal.

Mikilvægt er að tengja ekki einvörðungu atvinnulífið og stjórnarráð landsins saman heldur þarf líka að huga að menntakerfinu þar sem þessir þrír þættir þurfa að vinna nánar saman að framtíðarsýn landsins og raunverulega framkvæma hana. Stjórn landsins með því að setja lagaramman en atvinnulífið og menntakerfið í sameiningu með því að framfylgja hana með stuðning yfirvalda. Í raun þarf að taka saman höndum til að gera rekstrarumhverfi, t.d. ef einn þátturinn er að gera Ísland að landi þar sem mikil nýsköpun á sér stað (sbr. Silicon Valley í USA), þá er lykilatriði að búa svo um hnútana að það umhverfi sem nýsköpun þarf, fái að þrífast (e.k. hagkerfi innan hagkerfisins, e. „eco-system“).

Heildarreglugerðarramma landsins verður því að vera skýr þannig að ekkert óvænt komi upp og í ósamræmi við stefnu og framkvæmd Íslandsstofu á henni þegar það liggur fyrir hvað það er sem Íslandsstofa á í raun að framkvæma og gera.


Til þess að geta framfylgt ímyndarmálum þarf raunveruleikinn því að vera trúr þeirri ímynd sem á að setja fram skv. þeirri framtíðarsýn sem verður lagt upp með.

Einnig er lykilatriði í upphaflegri stefnumótun að fá innlenda sem erlenda sérfræðinga og athafna- og menntamenn á þeim sviðum sem á að sækja inná til að gefa sitt álit og vera með í þeirri stefnumótun, t.d. fá erlenda fjárfesta til að segja okkur hvað það er sem menn sækjast eftir í fjárfestingum, fá erlenda ímyndarsérfræðinga til liðs og svo framvegis. Til þess að svo geti orðið er lykilatriði að slík stofnun og/eða svokölluð aðgerðaráætlun verði vel fjármögnuð því annars mun hún alltaf falla á því að eiga ekki fyrir einu né neinu sem á að gera.

Á sama tíma er mikilvægt að skilgreina með skýrum hætti hvað Íslandsstofan á að gera (t.d. af hverju eru ferðamál nefnd umfram aðrar atvinnugreinar), hver hennar markmið eru, innan hvers ramma vinnur hún og hver tekur ákvarðanir á endanum. Markmiðin þurfa því að vera áþreifanleg og það sem verður á endanum mælt eftir verður að vera skýrt, gagnsætt og með samþykki þjóðarinnar— annars er hætta á að hlutverk Íslandsstofunnar mistakist og erfitt reynist að réttlæta frekari fjármögnun hennar til framtíðar.

Ekki verður farið út í að hafa skoðanir á hverja grein fyrir sig þar sem ekki nægar upplýsingar liggja fyrir um stefnu og markmið Íslandsstofu til þess að svo verði gert, sbr. Ummæli hér að ofan. Stóra hættan felst í því að Íslandsstofa verði einvörðungu nýtt nafn fyrir Útflutningsráð og þar við sitji (með allri virðingu fyrir þeirri stofnun). Undirritaður er boðin og búin til fundar hvenær sem er til að fara nákvæmar yfir þetta álit og færa fram hugmyndir ef með þarf.

Með virðingu og þökk fyrir að fá að koma áliti mínu á framfæri að þessi orð verða að einhverju gagni,



Ágúst Freyr Ingason